



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 9. október 2023

Mál nr. 2021110335

Efni: Þjónustusamningur við Kölku

Ákall hefur verið eftir þjónustusamningi á milli Reykjanesbæjar annars vegar og Kölku hins vegar. Lagaleg ábyrgð á málaflokknum er hjá sveitarfélaginu og því mikilvægt að skilgreina vel hlutverk og ábyrgð beggja aðila.

Í þessum þjónustusamningi kæmi fram sú þjónusta sem Kalka veitir íbúum Reykjanesbæjar varðandi hirðingu og móttöku úrgangs, grenndarstöðvar, opnunartíma móttökustöðva sem og aðra almenna þjónustu.

Settur var saman starfshópur sem samanstendur af undirrituðum, Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærni- og umhverfismála, Gunnari Geir Ellertssyni deildarstjóra umhverfismála, Halldóri Hermannssyni hafnarstjóra og Halldóru G. Jónsdóttur aðstoðarmanni bæjarstjóra. Í meðfylgjandi minnisblaði eru tillögur þessa starfshóps um hvaða málefni ætti að skoða í þjónustusamningi við Kölku. Starfshópurinn hefur unnið þetta minnisblað með aðkomu Kölku og hefur átt sér stað gott samtal milli aðila. Þetta erindi er fyrst og fremst hugsað til að koma af stað umræðu um þessi mál.

Það er ósk starfshópsins að bæjarráð komi með tillögur um hvort halda eigi þessum viðræðum áfram, hver forgangsatridin eigi að vera eða hvort eitthvað vanti / sé ofaukið í tillögunum sem fram koma í minnisblaðinu.

Fylgiskjal: Minnisblað starfshóps dags. 6. október


Guðlaugur H. Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfis-
og framkvæmdasviðs

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni